

ECDC STJÓRNARSTOFNUN

Árleg skýrsla framkvæmdastjóra - 2010 Samantekt

Sóttvarnarstofnun Evrópu (e. the European Centre for Disease Prevention and Control, ECDC) tókst að útfæra flestar vinnuáætlanir sínar árið 2010. Á sama tíma jók stofnunin afköst, sameinaði burðarvirki sín og þróaði margs konar samstarf áfram í þeim tilgangi að mæta þörfinni á öflugri viðbrögðum gagnvart þeirri ógn sem smitsjúkdómar eru í Evrópu. Til viðbótar því að kynna meginárangur stofnunarinnar árið 2010, er nú í fyrsta sinn tiltækur nýr liður II á vefsvæðinu sem tilkynnir um framgang hvernar aðgerðar í vinnuáætlun ECDC fyrir árið 2010.

Aðföng

Árið 2010, voru fjárlögin aukin í 57,8 milljón evrur, í samræmi við *Áætlun ECDC fyrir tímabilið 2007-2013*.

Starf tengt sjúkdómum

ECDC hélt áfram að þróa verkfæri til visindalegrar vinnu, eftirlitsaðgerðir, gagnagrunna og tengslanet og skipuleggja afkastagetu og þjálfun fyrir hina sex sjúkdómsflokka sem falla undir valdssvið stofnunarinnar. Þetta var í samræmi við Árlegu starfsáætlunina og *Áætlunina fyrir ákveðna sjúkdóma fyrir 2010-2013*, sem samþykktar voru af stjórnarráðinu árið 2009.

Sýkingum í öndunarferum er skipt í þrjú svið: influensu, berkla og hermannaveiki. Hvað varðar **inflúensu**, hefur ECDC lagt sitt af mörkum til mats á meðhöndlun á A(H1N1) heimsfaraldrinum á landsvísu, evrópska vísu sem og á alheimsvísu. Til stuðnings við það starf sem Lyfjastofnun Evrópu hefur unnið, syndi ECDC fram á áhrifamátt bóluefnisins gegn heimsfaraldrinum, ytti úr vör tveimur rannsóknum á mögulegum meintilvikum og gaf út áætlun á notkun bóluefnisins. Til viðbótar hóf ECDC styrkingu evrópsks eftirlits á alvarlegum sjúkdómum og dauðsföllum vegna influensu. Á sviði árstíðabundinnar influensu, þróaði ECDC áhættumat fyrir tímabilið 2010-2011, sameinaði samskiptavinnu og veitti aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni stuðning við útfærslu tilmæla heilsuráðs ESB fyrir árið 2009 hvað varðar bólusetningu gegn árstíðabundinni influensu. Á sviði **berkla**, veitti ECDC eftirfylgni, samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn Evrópu, á *Rammaaðgerðaáætlun um að berjast gegn berklum í Evrópusambandinu*, sem fól í sér breitt samráð við aðildarríkin og hagsmunaaðila ESB. Ennfremur styrkti ECDC eftirlitsaðgerðir sínar á sviði TB-HIV, fjölyfjaónæmis og útkomu meðferðar og gaf út aðra sameiginlega ECDC/WHO eftirlitsskýrslu um TB. Evrópska samband tilvísunarrannsóknastofa fyrir TB, sem stofnsett var árið 2009, var þróað áfram og ECDC hélt áfram að veita visindalega ráðgjöf, leiðsögn og stuðning við aðildarríki. Starf tengt **hermannaveiki** fól í sér að ljúka samþættingu sérhæfðs eftirlitsnets hjá ECDC, en því var lokið í apríl 2010. Samráðshópur var stofnaður og hann hélt sinn fyrsta fund. Hafist var handa við að veita rannsóknarstofum í aðildarríkjum stuðning, með sérstakri áherslu á gæðatryggingu og stuðning í rannsóknum á uppkomu sjúkdóma,

þar á meðal skrá yfir getu rannsóknarstofa. Einnig var komist að samkomulagi um þróun verkfærakista sem verða afhentar 2011.

Á sviði **kynsmitsjúkdóma, að meðtöldum HIV/AIDS og veirum sem berast með blóði**, gaf ECDC út sína árlegu HIV/AIDS eftirlitsskýrslu sem og leiðbeiningaskjal fyrir HIV/AIDS prófun. Fjöldmörgum verkefnum var ýtt úr vör (um STI og HIV forvarnir meðal karla sem stunda kynmök með körlum og um tíðni HIV og forvarnir meðal sprautufíkla) og þróuð áfram (hegðunareftirlit tengt STI, fólksflutningar og tilkynningar um HIV og til bólfélaga) árið 2010. Ennfremur gaf ECDC út vöktunarskýrslu um útfærslu Dyflinnar yfirlýsingarinnar og þróaði ramma til vöktunar á útfærslu aðgerðaráætlunar ESB um HIV/AIDS 2009-2013. Í kjölfar könnunar og skýrslu á ESB vísu, voru eftirlits- og forvarnarkerfi fyrir lifrabólgu B og C einnig endurskoðuð og ESB neti fyrir lifrabólgu B og C var komið á fót. Til viðbótar var STI örveruverkefnið, sem lagði áherslu á sýklalyfjanæmniefirlit tengt lekanda, útfært og skýrsla gefin út. Gögnum var safnað um fimm STI og niðurstöður verða gefnar út 2011.

Svo sjónum sé beint að **sjúkdómum sem berast með mat og drykk og mannsmitanlegum**

dýrasjúkdómum, hefur ECDC greint eftirlit fyrir 12 sjúkdóma í mönnum í *Skýrslu ESB um þróun og uppsprettu mannsmitanlegra dýrasjúkdóma, lyf gegn mannsmitanlegum dýrasjúkdómum og faraldra sem berast með mat og drykk í Evrópusambandinu árið 2009** sem gefin var út af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (e. the European Food Safety Authority, EFSA). Einnig er fyrsta sameiginlega rannsóknin á Hvanneyrarveiki á ESB vísu í undirbúningi. Í mars 2010, var settur á fót upplýsingatækniflötur til miðlunar áriðandi fyrirspurna og umræðu greiningar og rannsókna á fjölþjóðlegum faröldrum sem berast með mat og drykk. Ennfremur hefur vinna verið hafin við þróun á eftirlitskerfum á sameindastigi.

Á sviði **nýrra sjúkdóma og sjúkdóma sem smitast með smitberum**, hefur ECDC sameinað kerfi skordýrafræðinga í heilbrigðisgeiranum og lýðheilsusérfræðinga fyrir liðdýrasjúkdóma sem smitast með smitberum (VBORNET), sem sett var upp í september 2009. Afrakstur kerfisins voru fyrstu dreifingarkortin fyrir ágengar moskitótegundir og eftirlit með þeim. VBORNET byrjaði einnig að staðfesta gögn fyrir aðra tegundahópa. Á grundvelli rannsókna á aðgerðum og þörfum aðildarríkja sem framkvæmd var 2010, er nú verið að þróa áætlun fyrir eftirlit með smitberum meiriháttar sjúkdóma í mönnum. Hvað varðar sjúkdóma sem berast með farmaurum, hefur áhersla starfs ECDC með sérfræðingum verið á tilkynningarstöðu þessara sjúkdóma. Að lokum var áhersla aðgerða ECDC netsins fyrir innflutta veirusjúkdóma á viðbrögð gegn Vestur-Nílar faröldrum, ytri gæðatryggingu og þjálfunarstuðning fyrir örverufræðinga í aðildarríkjum.

Á sviði **sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningu**, gaf ECDC út leiðbeiningaskjal og rannsóknir á ágengum meningókokkasjúkdómum, bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum sem og rotavírussykingum. Rannsóknir á bólusetningu gegn heimsfaröldrum og árstíðabundinni influensu fóru einnig fram. Samstöðuskjal var einnig samið um staðlað mat á bólusetningarhlutfalli og þetta gæti orðið mikilvægt verkfæri fyrir frekari samanburðarhæfi og viðmiðun á ESB stigi. Önnur Eurovaccine ráðstefnan fór fram í desember 2010. Eftirlit var styrkt enn frekar, með áætlunum fyrir ytri gæðatryggingu (heilahimnubólga og influensa) og framtaki til kortlagningar á getu rannsóknarstofa (lungnabólga) um gervalla Evrópu. Flutningi DIPNET (kerfis fyrir eftirlit með barnaveiki) lauk og ferlið hófst fyrir EUVACNET (mislingar, rauðir hundar, kíghósti og hlaupabóla). Í gegnum VAESCO verkefnið fyrir læknisfræðilega atburði sem mögulega tengjast bólusetningum gegn heimsfaröldrum, hefur ECDC rannsakað Guillain-Barré heilkennið (engin tengsl) og drómasyki (rannsókn enn yfirstandandi).

Með tilliti til **þols gegn sýklalyfjum og sýkinga í tengslum við heilsugæslu**, var einn meginatburður ársins 2010, samþætting evrópska eftirlitskerfisins með þoli gegn sýklalyfjum (e. European Antimicrobial Resistance Surveillance Network, EARS-NET) við ECDC. Kerfið opnaði nýtt vefsvæði, þar á meðal gagnvirkan gagnagrunn, og gaf út skýrslu sína fyrir árið 2009. ECDC gaf einnig út yfirgripsmikið mat á þeirri ógn sem stafar af gerlum sem framleiða ensím sem hefur í för með sér nýtt fjölyfjaónæmi, þ.e. Nýju Delí metalló-beta-laktamasa (NDM-1), og mun fylgja því eftir með leiðbeiningaskjali fyrir aðildarríki. Annar lykilverburður var þriðji árlegi evrópski sýklalyfjavitundardagurinn, sem skipulagður var af ECDC í nóvember 2010. Atburðurinn, þar sem áherslan var á varkára notkun sýklalyfja á sjúkrahúsum, fékk mikla umfjöllun um alla Evrópu, og gaf af sér 226 greinar frá 20. október til 3. desember. Að lokum studdi ECDC við tilmæli ESB ráðsins um öryggi sjúklinga, þar á meðal forvarnir og eftirlit með sýkingum í tengslum við heilsugæslu (2009/C 151/01) og varkára notkun sýklalyfja í læknisfræði manna (2002/77/EB) með þróun aðferðafræði til framkvæmdar á könnun á útbreiðslu sýkinga í tengslum við heilsugæslu og notkun sýklalyfja á bráðasjúkrahúsum. ECDC skipulagði fyrstu tilraunakönnunina á 66 sjúkrahúsum í 23 löndum og náði hún til næstum 20.000 sjúklinga.

* Samantektarskýrsla bandalagsins um þróun og uppsprettu mannsmitanlegra dýrasjúkdóma, lyf gegn mannsmitanlegum dýrasjúkdómum og faraldra sem berast með mat og drykk í Evrópusambandinu árið 2009

Lýðheilsustarfsemi

Lýðheilsustarfsemi hefur nú verið komið kyrfilega á fót og er nú komin á stig frekari sameiningar og samstillingar.

Eftirlit

Við lok ársins 2010, hófu samtals 11 af 17 sérhæfðum eftirlitsnetum sem starfrækt voru 2005 verið flutt til TESSy. Sumar aðgerðir varð að útvista þar sem ECDC hefur enn ekki þróað með sér nægilega þekkingu á þessum sviðum. ECDC veitti TESSy notendum í aðildarríkjum stuðning. Ferli til miðlunar eftirlitsgagna frá TESSy á meðal þriðju aðila var samþykkt af stjórnarráðinu í nóvember 2010. Árið 2010 var verulegu gagnamagni safnað og ECDC gaf út, til viðbótar við árlega farsóttarskýrslu sína, sérhæfðar eftirlitsskýrslur um mannsmitanlega dýrasjúkdóma, berkla, HIV/AIDS og influensu. Ennfremur var fyrsta stigi gæðatryggingarverkefnisins lokið og afraksturinn endurskoðaður. ECDC og þar til bærir eftirlitsaðilar munu nú ræða þróun nokkurra lágmarks staðlaviðmiðana til starfrækslu áhrifaríkra eftirlitskerfa sem uppfylla þarfir ESB.

Vísindaleg aðstoð

ECDC þróaði ennfremur vísindalega aðstoð sína með skipulagningu hinnar árlegu ESCAIDE ráðstefnu frá 11. - 13. nóvember 2010 í Lissabon. Vinna hélt áfram við stærðfræðilíkon með þróun líkana fyrir HIV, innleiðingu bólusetningaráætlana gegn hlaupabólu og eftirlíkingu á áhrifum skólalokana í heimsfaraldri influensu. ECDC hélt áfram að þróa umhverfis- og farsóttarfræðiverkefni sitt (E3 verkefni), með flutningi hinna stóru EDEN gagnagrunna til ECDC. Hvað varðar núverandi og komandi byrði smitsjúkdóma í Evrópu, var fallist á aðferðafræði og hún prófuð fyrir fjóra sjúkdóma í fjórum aðildarríkjum. Ennfremur mótaði ECDC ferli til veitingar vísindalegrar ráðgjafar, með því að setja upp kerfi til skráningar og viðbragða við beiðnum og með því að þróa sérfræðigagnagrunn. Árið 2010 leiddi ECDC skipulagningu þjálfunar í aðferðafræði, byggðri á gögnum á sviði farsóttarfræði smitsjúkdóma. Að lokum hélt ECDC áfram að starfa með landsbundnum miðstöðvum á sviði örverurannsókna við fjölda mikilvægra málefna.

Viðbúnaður og viðbrögð

Árið 2010 varð nýr áhættumatsflötur starfhæfur sem hefur að gera með málefni tengd áhættustýringu og var honum ætlað að vera viðbót við árvekni- og viðbragðskerfið (e. Early Warning and Response System, EWRS). ECDC mat og vaktaði smitsjúkdómaáhættu fyrir fimm fjölsóttá viðburði. Í EWRS sem starfrækt var af ECDC var tilkynnt var um 89 ógnir sem heyrðu undir umfang ESB. Samtals voru framkvæmd 32 mót á ógnunum og þeim deilt með aðildarríkjum. ECDC útvegaði einnig sérfræðinga á þessu sviði til stuðnings við aðildarríki til að bregðast við mislingafaraldri í Búlgaríu, Vestur-Nílar vírus í Grikklandi og kóleru utan ESB á Haiti. Leiðbeiningar voru gefnar út til mats á hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma í loftförum og á skemmtiferðaskipum. Á grundvelli þess lærdóms sem dregin var af A(H1N1) influensuheimsfaraldrinum, endurskoðaði ECDC sína innri aðgerðaáætlun fyrir lýðheilsuviðburði (e. Public Health Event Operation Plan, PHE-OP). Árið 2010 fóru fram þrjár hermíæfingar og ECDC tók þátt í fjórum æfingum sem skipulagðar voru af aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

Þjálfun

Þjálfunaraðgerðir til uppbyggingar á hæfni samanstóðu aðallega af tveggja ára þjálfunaráætlunum á borð við EPIET og EUPHEM. Í kjölfar EPIET mats, var valkosti aðildarríkja bætt við gildandi ESB feril, í þeim tilgangi að auka eignarhald aðildarríkja yfir áætluninni. Samtals voru 19 heimsóknir til aðildarríkja skipulagðar og voru þær hluti af innri gæðastjórnunaraðgerðum EUPHEM og EPIET áætlananna. ECDC skipulagði einnig fleiri sérhæfðar þjálfunaráætlanir og þróaði handvirkt viki vettvangsfaraldsfræði (e. Field Epidemiology Manual Wiki, FEM Wiki).

Heilbrigðisboðskipti

Árið 2010 stóð ECDC fyrir 35 vísindalegum útgáfum. Nýja ECDC vefsvæðið, sem opnað var 2009, samanstendur af mikilvægum evrópskum upplýsingaveitum fyrir lýðheilsuáhrif, þar sem meira en 70.000 skráð var halað niður árið 2010. Sjó Sviðsljós (e. Spotlights) voru gefin út til að leggja áherslu á mikilvæg málefni á sviði smitsjúkdóma. Markhópurinn samanstendur af lýðheilsusérfræðingum, heilbrigðisstarfsfólki, stjórnmálamönnum og almenningsmönnum. Árið 2010 heimsótti nærri hálf milljón manna nýja vefsvæðið. Til viðbótar var nýr innra og ytra nets vettvangur opnaður. Ennfremur gaf Eurosurveillance út 307 greinar, 100 snarsamskipti sem fóru í gegnum jafningjaryni og 105 langar greinar sem einnig fóru í gegnum jafningjaryni. ECDC heldur áfram að þróa rannsóknir á sviði heilbrigðisboðskipta og að styðja við heilbrigðisboðskiptaaðgerðir aðildarríkja, þá sérstaklega með notkun verkfærakista til boðskipta.

Samstarf

Árið 2010 ákvað ECDC að styrkja og einfalda hvernig stofnunin starfaði með aðildarríkjunum: upp frá 2011 verður einn þar til bær samhæfingaraðili útnefndur í hverju ríki. Árið 2010 voru fjölmargar ríkjaheimsóknir skipulagðar, landsupplýsingaverkefningin var haldið áfram og frekari samvinna við umsóknarlönd ESB og möguleg umsóknarlönd ESB fór fram. Tengsl á milli stofnana voru styrkt enn frekar með Evrópuþinginu, ráðherraráðinu (þar á meðal forystu ESB), framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, öðrum evrópskum stofnunum og sambærilegum stofnunum við WHO og ECDC í Bandaríkjunum, Kína og Kanada.

Forysta

Í maí 2010, hóf hinn nýi framkvæmdastjóri ECDC 'Sjálfbæra áætlun ECDC fyrir 2010-2011'. Í henni fólst það að stofna 15 vinnuhópa til að ræða um endurbætur á ferlum á fjölda sviða, þar á meðal stefnumótun, samstarfi og fjármálum. Ferlið leiddi til fjölda hagnýtra tillagna sem kynntar voru stjórnarráðinu til samþykkis þess. Í kjölfar þessa tók ECDC upp nokkur gildi fyrir stofnunina: að vera drifin áfram af gæðum, vera þjónustulunduð og starfa sem eitt lið. Þrjú fundir stjórnarráðs og fjórir fundir umræðuþings voru skipulagðir árið 2010, með endurbættum samskiptum og stuðningi með sérhæfðu 'ytra samvinnuneti'. Í fyrsta sinn fól vinnuáætlunin sem tekin var upp af stjórnarráðinu í nóvember 2010 í sér ítarlegar fjárlagatölur flokkaðar eftir aðgerðum. Önnur útgáfa stjórnunarupplýsingakerfisins, sem notað er til að skipuleggja og vakta vinnuáætlunina, var gefin út í júlí 2010. Gæðastjórnun er orðin skipulagt markmið ECDC og upphaf gæðastjórnunarferlis leiddi til þess að sameiginlegi matsramminn (e. Common Assessment Framework, CAF) var valinn sem verkfærið til útfærslu gæðatryggingar hjá ECDC frá árinu 2011. Ennfremur hefur starfsmannanefndin stofnsett "grænan hóp" með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum ECDC.

Stjórnun

Stjórnunareining aðfanga hélt áfram að styðja við aðgerðir ECDC á árinu. 2010 var síðasta árið sem fjárlög ECDC jukust (um +20%) og náðu þar með 57,8 milljónum evra. Fjölmargir nýir starfsmenn voru ráðnir og heildarfjöldi þeirra var 254 þann 31. desember 2010.